

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 411 11. nóvember 1993.

1. gr.

4. gr. breytist þannig:

2. másl. í lið 04.10 (3), sbr. reglugerð nr. 70/1998, orðist svo: „Hætta! Notið ekki barnabílstól í sæti ef uppblásanlegur öryggisþúði er framan við það.“

2. gr.

7. gr. breytist þannig:

- a. Liður 07.00 (1), 1. másl., sbr. reglugerð nr. 70/1998, orðist svo:
Óheimilt er að nota önnur ljósker, perur eða glitaugu á ökutæki en þau sem boðin eru eða heimiluð í reglugerð þessari eða öðrum reglum sem ráðuneytið setur.
- b. Liður 07.10 (2), 5. þankastrík, sbr. reglugerð nr. 70/1998, orðist svo:
- hliðarljósker; á bifreið sem er 6,0 m eða styttri.
- c. Liður 07.50 (1), 3. þankastrík, sbr. reglugerð nr. 70/1998, orðist svo:
- hættuljósker.
- d. Við lið 07.50 (1) bætist nýtt (8.) þankastrík sem orðist svo:
- hliðarljósker; á eftirvagn sem er lengri en 6,0 m.
- e. Liður 07.50 (2), 5. þankastrík, sbr. reglugerð nr. 70/1998, orðist svo:
- hliðarljósker; á eftirvagn sem er 6,0 m eða styttri.
- f. 2. málsgrein liðar 07.50 (9), sbr. reglugerðir nr. 242/1994 og 70/1998, orðist svo:
Ákvæði liða 07.50 (1), 7. þankastrík, og 07.50 (1), 8. þankastrík, gilda um eftirvagn sem skráður er eftir 1. janúar 1999.

3. gr.

24. gr. breytist þannig:

Liður 24.10, sbr. reglugerðir nr. 242/1994, 401/1994 og 70/1998, orðist svo:

24.10 Bifreið

- (1) Öryggisbelti og tengdur búnaður skal vera viðurkenndur skv. EBE tilskipun nr. 77/541 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun 96/36, ECE reg. nr. 16.04 eða FMVSS staðli nr. 209. Einnig skal beltíð vera e-, E- eða DOT-merkt og merkt framleiðanda.
- (2) Öryggisbelti skal vera tryggilega fest við styrkta hluta bifreiðar. Festur fyrir öryggisbelti teljast vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 76/115 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 96/38, eða sambærileg ákvæði eru uppfyllt.
- (3) Barnabílstóll skal vera viðurkenndur og E-merktur skv. ECE reg. nr. 44.03 eða viðurkenndur skv. viðeigandi FMVSS eða CMVSS stöðlum.
- (4) Í bifreið skal vera viðvörðunarþríhyrningur.
- (5) **Gildistaka:** Ákvæði liðar 24.10 (3) gilda um barnabílstóla sem teknir eru í notkun eftir 1. september 1998.

4. gr.

25. gr. breytist þannig:

b-liður, sbr. reglugerð nr. 70/1998, orðist svo:

önnur ljósker, perur eða glitaugu á ökutæki en þau sem boðin eru eða heimiluð í 7. gr.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 60. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. febrúar 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Stefán Eiríksson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag athafnasvæðis við Svartsengi, Grindavíkurbæ.

Bæjarstjórn Grindavíkur hefur samþykkt deiliskipulag athafnasvæðis við Svartsengi, Grindavíkurbæ.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð skv. skipulagslögum nr. 19/1964 með síðari breytingum og skipulagsreglugerð nr. 318/1985 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirlit af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Bæjarstjórnin í Grindavík, 12. febrúar 1998.

F. h. bæjarstjóra, Jóns Gunnars Stefánssonar,

Jón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag Vogahverfis á Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness þann 13. janúar 1998 var samþykkt deiliskipulag Vogahverfis á Akranesi eftir að það hafði verið auglýst samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 með síðari breytingum og skipulagsreglugerð nr. 318/1995 með síðari breytingum. Engar athugasemdir bárust.

Vogahverfi er staðsett norðan Þjóðvegur nr. 509 og austan við Miðvogslæk. Á svæðinu er fyrirhugað að reist verði íbúðabyggð í tengslum við heimilisbúskap, smáíðnað, listiðnað, skógrækt eða garðrækt.

Deiliskipulag þetta tekur þegar gildi.

Bygginga- og skipulagsfulltrúinn á Akranesi, 10. febrúar 1998.

Skúli Lýðsson.